

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 166/2004

frá 3. desember 2004

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 148/2004 frá 29. október 2004 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/82/EB frá 11. september 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE að því er varðar staðlaðar setningar um sérstaka áhættu og varúðarráðstafanir varðandi plöntuvarnarefni ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 12a (tilskipun ráðsins 91/414/EBE) í XV. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **32003 L 0082**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/82/EB frá 11. september 2003 (Stjtið. ESB L 228, 12.9.2003, bls. 11).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2003/82/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 4. desember 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 102, 21.4.2005, bls. 21 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 20, 21.4.2005, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 228, 12.9.2003, bls. 11.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 3. desember 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Kjartan Jóhannsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ø. Hovdkinn *M. Brinkmann*